

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/71/01		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 157/12/COL frá 9. maí 2012, um sölu sveitarfélagsins Oppdal á landareign 271/8 (Noregur)	1
2012/EES/71/02		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 339/12/COL frá 20. september 2012 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL	7
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/71/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6731 – Vitronet/Infinity) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2012/EES/71/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6777 – Yazaki Europe/S-Y Systems Technologies Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2012/EES/71/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6780 – EVN Netz/OÖ. Ferngas Netz/Gasnetz Steiermark/Gas Connect Austria/AGGM Austrian Gas Grid Management) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2012/EES/71/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6788 – Goldman Sachs/TPG/Barclays/Kew Green) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2012/EES/71/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6805 – Apollo/Aurum Holdings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2012/EES/71/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6814 – Elavon/Banco Santander/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16

2012/EES/71/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6485 – Euler Hermes/Mapfre/Mapfre CC)	17
2012/EES/71/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6611 – Arla Foods/Milk Link).	17
2012/EES/71/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6665 – Sun Capital/Rexam Personal and Home Care Packaging Business).	18
2012/EES/71/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6673 – Bolloré/Havas).	18
2012/EES/71/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6711 – Advent/Douglas Holding)	19
2012/EES/71/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6715 – CNOOC/Nexen)	19
2012/EES/71/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6718 – Toyota Tsusho Corporation/CFAO).	20
2012/EES/71/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6724 – PAI Partners/Marcolin)	20
2012/EES/71/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6726 – AAEC/Rabo Investments/Vecelia/HVEG)	21
2012/EES/71/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6729 – SNCF Participations/Strukton Rail/Europool)	21
2012/EES/71/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6736 – Advent International/KMD Equity Holding)	22
2012/EES/71/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6741 – Vivendi Group/N/C+Entity)	22
2012/EES/71/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6759 – LBO France Gestion/Blue Holding Luxembourg)	23
2012/EES/71/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6760 – Clariant/Wilmar/JV)	23
2012/EES/71/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6764 – JCDecaux/Rus AD/Russ Out Of Home)	24
2012/EES/71/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6770 – American Securities/Metaldyne).	24
2012/EES/71/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6771 – Bridgepoint/CPPIB Dorna)	25
2012/EES/71/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6779 – Barclays/Goldman Sachs/TPG/Gardman).	25
2012/EES/71/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6786 – EPH/SPP).	26

2012/EES/71/28

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu
laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar
89/336/EEB..... 27

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/71/01

157/12/COL

frá 9. maí 2012,

um sölu sveitarfélagsins Oppdal á landareign 271/8

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. mgr. 7. gr. II. hluta,

með vísan til samsteyprar útgáfu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 („ákvörðunarinnar um framkvæmdarákvæði“) ⁽¹⁾,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽²⁾, og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Með bréfi sem dagsett var 3. júlí 2008 (skjal nr. 4845199) lagði kvartandinn, Oppdal Booking AS, fram kvörtun vegna fyrirhugaðrar sölu sveitarfélagsins Oppdal („sveitarfélagið“) á landareign nr. 271/8 („landareignin“) í Oppdal, til Stand Drift Oppdal AS.

Með bréfi, sem dagsett var 9. júlí 2008 (skjal nr. 485146), óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir viðbótarupplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi.

Með bréfi, sem dagsett var 8. september 2008 (skjal nr. 491369) kom kaupandinn, Strand Drift Oppdal AS, athugasemdum á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA. Stjórnvöld í Noregi svöruðu beiðninni um viðbótarupplýsingar með bréfi dagsettu 9. mars 2008 (skjal 490914). Kvartandinn lagði fram frekari upplýsingar með bréfi dagsettu 1. október 2008 (skjal nr. 493593).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 417/10/COL um að hefja formlega rannsókn, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 („ákvörðun um að hefja rannsókn“), var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og í EES-viðbæti við þau ⁽³⁾. Eftirlitsstofnun EFTA veitti í kjölfarið hlutaðeigandi aðilum kost á að gera athugasemdir við ákvörðunina.

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir sínar (og athugasemdir Strand Drift Oppdal AS) varðandi ákvörðunina um að hefja rannsókn með bréfi, sem dagsett var 3. desember 2010 (skjal nr. 579649).

⁽¹⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>.

⁽²⁾ Birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, C 34, 3.2.2011, og í EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 6, 3.2.2011.

⁽³⁾ Þessi skjöl voru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, Stjtið. C 34, 3.2.2011, og í EES viðbætinum við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 3.2.2011.

2 Atburðarás

Hinn 7. febrúar 2007 ⁽⁴⁾ bauð Strand Drift Oppdal AS sveitarfélaginu Oppdal að reisa þjónustuaðstöðu fyrir gesti skíðasvæðis á landareign nr. 271/8. Gera þyrfti nýtt svæðisskipulag til að hægt væri að nýta landareignina í þessum tilgangi.

Í bréfi, sem dagsett var 19. október 2007 ⁽⁵⁾, lýsti Strand Drift Oppdal AS áhuga á að kaupa landareignina. Sveitarfélagið svaraði því til, með bréfi dagsettu 30. nóvember 2007 ⁽⁶⁾, að tillagan um kaup á eigninni yrði lögð til hliðar þar til nýtt svæðisskipulag hefði verið gert.

Nýtt svæðisskipulag var gert 31. mars 2008 ⁽⁷⁾. Oppdal Booking AS lagði fram kvörtun, með bréfi dagsettu 23. apríl 2008 ⁽⁸⁾, vegna ákvörðunarinnar um nýtt svæðisskipulag fyrir landareignina. Sveitarfélagið tilkynnti Strand Drift Oppdal AS, með bréfi dagsettu 7. maí 2008 ⁽⁹⁾ að ekki yrði hægt að taka áhuga þeirra um kaup á landareigninni til athugunar fyrr en afstaða hefði verið tekin til kvörtunarinnar. Hinn 26. maí 2008 ákvað sveitarfélagið að fallast ekki á kvörtun Oppdal Booking AS varðandi nýja svæðisskipulagið á landareigninni, heldur vísa henni áfram til embættis sveitarstjóra Oppland (Fylkesmannen) ⁽¹⁰⁾.

Með bréfi, sem dagsett var 30. maí 2008 ⁽¹¹⁾, lýsti Oppdal Booking AS áhuga á að kaupa landareignina, ef sveitarstjórnin féllist ekki á kvörtunina. Með bréfi, sem dagsett var 6. júní 2008 ⁽¹²⁾, tilkynnti sveitarfélagið Strand Drift Oppdal AS að það tæki ekki afstöðu til tilboðs þess um kaup á landareigninni fyrr en skrifstofa sveitarstjóra hefði tekið afstöðu til kvörtunarinnar. Ennfremur, lagði sveitarfélagið áherslu á að það hefði ekki veitt Strand Drift Oppdal AS kauprétt á landareigninni ⁽¹³⁾.

Hinn 30. júní 2008 ákvað framkvæmdanefnd sveitarfélagsins að fá tvö aðskilin verðmöt á virði landareignarinnar og hefja því næst samningaviðræður við Strand Drift Oppdal AS um sölu ⁽¹⁴⁾. Oppdal Booking AS lagði fram kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA, með bréfi sem dagsett var 3. júlí 2008 ⁽¹⁵⁾, vegna fyrirhugaðrar sölu sveitarfélagsins á landareigninni til Strand Drift Oppdal AS.

Með bréfi, sem dagsett var 10. júlí 2008 ⁽¹⁶⁾, óskaði Oppdal Booking AS eftir því að fá aðgang að óháðu matsgerðunum tveimur.

Hinn 16. júlí 2008 ⁽¹⁷⁾, héldu Strand Drift Oppdal AS og sveitarfélagið fund til að ræða drög að sölusamningi vegna landareignarinnar. Sveitarfélagið upplýsti Strand Drift Oppdal AS um óháðu matsgerðirnar og söluverð landareignarinnar. Söluvirði eignarinnar var metið á 850 000 NOK (í samræmi við óháðu matsgerðirnar). Strand Drift Oppdal AS var gefinn frestur til 17. júlí 2008 til að fara yfir samninginn á meðan sveitarfélagið áformaði að taka ákvörðun að því er varðaði sölu ⁽¹⁸⁾ hinn 24. júlí 2008 ⁽¹⁸⁾. Strand Drift Oppdal AS undirritaði samninginn 18. júlí 2008 ⁽¹⁹⁾.

Oppdal Booking AS gerði tilboð upp á 3.1 milljón NOK í landareignina, með bréfi dagsettu 23. júlí 2008 ⁽²⁰⁾.

Hinn 31. júlí 2008 ⁽²¹⁾ undirritaði sveitarfélagið Oppdal sölusamning við Strand Drift Oppdal AS.

3 Kvörtunin

Í júlí 2008 lagði Oppdal Booking AS fram kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem fullyrt er að sveitarfélagið Oppdal hafi haft í hyggju að selja Strand Drift Oppdal AS landareign nr. 271/8 án

⁽⁴⁾ Skjal nr. 491369.

⁽⁵⁾ Skjal nr. 491369.

⁽⁶⁾ Skjal nr. 491369.

⁽⁷⁾ Sjá fundargerð frá fundi sveitarfélagsins (byggingaryfirvalda) Oppdal 31.03.2008 (skjal 490914).

⁽⁸⁾ Skjal nr. 491369.

⁽⁹⁾ Skjal nr. 491369.

⁽¹⁰⁾ Sjá fundargerð frá fundi sveitarfélagsins (byggingaryfirvalda) Oppdal 26.05.2008 (skjal 490914).

⁽¹¹⁾ Skjal nr. 491369.

⁽¹²⁾ Skjal nr. 491369.

⁽¹³⁾ Skjal nr. 491369.

⁽¹⁴⁾ Sjá fundargerð frá fundi sveitarfélagsins (framkvæmdanefndar sveitarfélagsins) Oppdal 30.6.2008 (skjal nr. 493593).

⁽¹⁵⁾ Skjal nr. 484869.

⁽¹⁶⁾ Skjal nr. 490914.

⁽¹⁷⁾ Sjá fundargerð frá fundi 16.7.2008 - Skjal nr. 491369.

⁽¹⁸⁾ Sjá fundargerð frá fundi 16.7.2008 - Skjal nr. 491369.

⁽¹⁹⁾ Sjá undirritaða sölusamninga milli Strand Drift Oppdal AS og sveitarfélagsins Oppdal (Skjal nr. 490914)

⁽²⁰⁾ Skjöl nr. 491369 og 493593.

⁽²¹⁾ Sjá undirritaða sölusamninga milli Strand Drift Oppdal AS og sveitarfélagsins Oppdal (Skjal nr. 490914)

opinbers útboðs. Áður en nýja svæðisskipulagið fyrir landareignina var gert, var svæðið skipulagt sem bílastæði fyrir viðskiptavinum nálægs skíðasvæðis.

Oppdal Booking AS á og rekur Oppdal skíðasvæðið og önnur tengd fyrirtæki. Kaupandi reitsins sem um ræðir, Strand Drift Oppdal AS, er samkeppnisaðili Oppdal Booking AS og leigði áður af því landareign vegna rekstrar síns sem tengist skíðabúnaði og skíðakennslu. Eftir að Oppdal Booking AS hækkaði leiguna, hóf Strand Drift Oppdal AS að leita að nýrri aðstöðu ⁽²²⁾.

Í kvörtuninni staðhæfði Oppdal Booking AS að landareignin yrði seld án opinbers útboðs, eins og lýst er í lið 2.1, í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum („leiðbeinandi reglurnar“) ⁽²³⁾. Oppdal Booking AS hélt því einnig fram að sveitarstjórnin hefði ekki starfað í samræmi við þá málsmeðferð sem vól var á og lýst er í lið 2.2 í leiðbeinandi reglum, þar sem samningaviðræður um kaup við hugsanlegan kaupanda hófust áður en óháð mat á eigninni var gert ⁽²⁴⁾.

Oppdal Booking AS staðhæfði enn fremur að óljóst væri á hvaða meginreglum verðmatsskýrslurnar væru grundvallaðar. Oppdal Booking AS fullyrti að tilboð sitt uppá 3.1 milljón NOK, sem byggt væri á sömu nýtingu á landareigninni og kaupandans, sýndi að söluverðið endurspeglaði ekki markaðsverð. Oppdal Booking AS hélt því einnig fram að fyrirtækið gæti ekki talist vera kaupandi sem hefði sérstakra hagsmuna að gæta varðandi landareignina ⁽²⁵⁾.

4 Ástæður þess að stofnað var til rannsóknar

Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn á þeim grundvelli að sala sveitarfélagsins Oppdal á landi til Strand Drift Oppdal AS gæti falið í sér ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hafði efasemdir um að söluverðið endurspegladi markaðsverð eignarinnar og að um ólöglega ríkisaðstoð gæti verið að ræða. Almenn er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA, þegar um er að ræða þær aðstæður að sveitarfélag fær herra gagntilboð í landareign, að fengnu mati óvilhalls sérfræðings, skuli sveitarfélagið kanna gagntilboðið nánar til að tryggja að landareignin sé seld á markaðsvirði. Þetta er hægt að gera annaðhvort með því að fara fram á annað mat á landareigninni eða fá endurmat frá óvilhalla matsmanninum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísar til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C35/2006 ⁽²⁶⁾ um sölu sænska sveitarfélagsins Åre á lóð þar sem sveitarfélagið hafði fengið herra gagntilboð í eignina.

Eftirlitsstofnun EFTA lét einnig í ljós efasemdir um að salan á landinu gæti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, sérstaklega á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Með bréfi, sem dagsett var 3. desember 2010 ⁽²⁷⁾, vísa stjórnvöld í Noregi til bréfs síns til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem var dagsett 9. september 2008 ⁽²⁸⁾.

Í bréfi, sem dagsett var 9. september 2008, gerðu stjórnvöld í Noregi grein fyrir því að verklaginu, sem lýst er í lið 2.2, í leiðbeinandi reglum, hefði verið fylgt og því hefðu viðskiptin ekki falið í sér ríkisaðstoð. Stjórnvöld í Noregi staðhæfa enn fremur að þau hafi fengið mat sérfræðings áður en viðræður um sölusamning við Strand Drift Oppdal AS fóru fram og að verðmatið endurspeglar markaðsverð eignarinnar. Að auki lögðu stjórnvöld í Noregi fram yfirlit frá sveitarfélaginu Oppdal, þar sem fram kom að verðið sem greitt var fyrir landareignina væri hæsta verð á fermetra á svæðinu sem sveitarfélaginu væri kunnugt um.

Enn fremur, staðhæfa stjórnvöld í Noregi að markaðsvirði skuli endurspeglar það verð sem almennur kaupandi væri reiðubúinn að greiða fyrir eignina, að undanskildum kaupendum sem hefðu sérstakra hagsmuna að gæta. Stjórnvöld í Noregi halda því þess vegna fram að líta beri á að tilboð Oppdal Booking AS, uppá 3.1 milljón NOK, sem tilboð frá aðila sem hafi sérstakra hagsmuna að gæta því Oppdal Booking AS hafi ráðandi stöðu á hinum staðbundna

⁽²²⁾ Skjal nr. 491369.

⁽²³⁾ Þessi kafli leiðbeininganna samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þá þætti ríkisaðstoðar sem tengjast sölu opinberra yfirvalda á landi og byggingum (OJ C 209, 10.07.97, bls. 3), skjalið má einnig finna á: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

⁽²⁴⁾ Skjal nr. 493593.

⁽²⁵⁾ Skjal nr. 493593.

⁽²⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. janúar 2008 í máli C-35/06, Stjtið. ESB L 126/3, 14.5.2008.

⁽²⁷⁾ Skjal nr. 579649.

⁽²⁸⁾ Skjal nr. 490914.

skíðaþjónustumarkaði og sé því reiðubúið að greiða umtalsvert hærra verð í þeim tilgangi að uppræta samkeppnisaðila á markaðnum. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að virðið sem sérfræðimatsmennirnir ákvörðuðu, endurspeglir raunverulegt markaðsvirði eignarinnar.

6 Athugasemdir Strand Drift Oppdal AS ⁽²⁹⁾

Strand Drift Oppdal AS heldur því fram að ekki sé hægt að bera saman þetta tiltekna mál og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C-35/2006. Í ákvörðun C-35/2006, var óháða matið á eigninni framkvæmt næstum því tveimur og hálfu ári áður en salan fór fram og að á svo löngum tíma geti verðmæti landsins breyst verulega. Í öðru lagi heldur Strand Drift Oppdal AS því fram að í málsatvikum C-35/2006 sé ekki ljóst hvort óháða matið hafi verið notað til að ákvarða samningsupphæðina. Aftur á móti heldur Strand Drift Oppdal AS því fram að í þessu máli hafi salan farið fram í samræmi við lið 2.2 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Strand Drift Oppdal AS heldur því enn fremur fram að svo virðist sem tilboð Oppdal Booking AS sé hluti áætlunar þess um að verða eini veitandi skíðaþjónustu á staðbundna markaðnum, sem skýri, samkvæmt Strand Drift Oppdal AS, af hverju það gerði tilboð sem var langt yfir markaðsvirði eignarinnar. Strand Drift Oppdal AS vísar einnig til upplýsinga, sem fram komu í yfirliti sveitarfélagsins Oppdal dagsettu 29. ágúst 2008 ⁽³⁰⁾, þar sem fram kemur að söluverð eignarinnar sé hæsta verð á fermetra sem sveitarfélaginu er kunnugt um.

Þar að auki heldur Strand Drift Oppdal AS því fram að kvartandi hafi keypt eignir á svæðinu á umtalsvert lægra verði en söluverðið var í umræddu tilviki. Strand Drift Oppdal AS álitur einnig að samkvæmt norskum samningalögum hafi samningur verið gerður og hann sé bindandi hafi aðilarnir samþykkt skilmálana, óháð því hvort raunverulegur samningur hafi verið undirritaður. Því er það álit Strand Drift Oppdal AS að lögum samkvæmt hafi sveitarfélaginu Oppdal verið skylt að selja Strand Drift Oppdal AS landareignina á þeim tíma sem Oppdal Booking AS lagði fram tilboð sitt.

Strand Drift Oppdal AS telur að eignin hafi verið seld á markaðsvirði, sem sjáist á því að söluverðið sé grundvallað á mati óvilhøllu sérfræðinganna tveggja, í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA. Því staðhæfir Strand Drift Oppdal AS að ekki sé um ríkisaðstoð að ræða.

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1 Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum ⁽³¹⁾

Aðstoðin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Sveitarfélög teljast, að því er varðar ríkisaðstoð, hluti af ríkinu og því teljast fjármunir sveitarfélagsins Oppdal vera ríkisfjármunir.

Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum („leiðbeinandi reglur“) veita frekari tilsögn um hvernig Eftirlitsstofnun EFTA túlkar og beitir ákvæðum EES-samningsins þegar meta þarf sölu á lóðum og húseignum í opinberri eigu. Í lið 2.1 er því lýst hvernig sala fer fram í útboðsferli, en í lið 2.2 er lýst sölu með mati óvilhallra sérfræðinga.

Sala á lóðum og húseignum í opinberri eigu á verði sem er undir markaðsvirði gefur til kynna að ríkisfjármunir komi við sögu. Leiðbeinandi reglurnar kveða á um tvennskonar aðstæður þar

⁽²⁹⁾ Skjal nr. 579649.

⁽³⁰⁾ Skjal nr. 490914.

⁽³¹⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

sem, að skilyrðum uppfylltum, verðið sem greitt er fyrir eignina þarf að haldast í hendur við markaðsvirði og útiloka þar með að um ríkisfjármuni sé að ræða. Eins og getið er hér að framan, eru þessar aðstæður: a) sala fer fram með útboðsferli, og b) sala fer fram að fengnu mati óvilhallra sérfræðinga.

Í þessu máli skipulagði sveitarfélagið ekki útboðsferli en notaði mat tveggja óvilhallra sérfræðinga til að ákvarða söluverðið.

Í lið 2.2 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA er mælt fyrir um að „[e]ff stjórnvöld ætla ekki að fylgja málsmeðferðinni sem lýst er í lið 2.1. skal fara fram óháð mat fyrir sölusamningaviðræður sem framkvæmt er af einum eða fleiri óvilhöllum eignamatsmönnum til að ákveða markaðsvirði á grundvelli almennra viðurkenndra markaðsvisa og matsstaðla. Markaðsverð sem þannig er ákveðið er lágmarkskaupverð sem hægt er að fallast á án þess að veitt sé ríkisaðstoð.“

Stjórnvöld í Noregi tilgreina tvö verðmöt sem sveitarfélagið Oppdal fékk óvilhöllu matsaðilana Geir Husebø og Ragnar Lian til að gera. Þau voru annars vegar framkvæmd 7. júlí 2008 og hins vegar 9. júlí 2008. Þó að Strand Drift Oppdal AS hafi sýnt áhuga á eigninni í febrúar 2007 og hafi, síðar sama ár, lýst yfir áhuga á að kaupa eignina, veittu norsk yfirvöld ekki leyfi fyrir kaupum á eigninni, og í þeim bréfaskiptum sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram bendir ekkert til, að samist hafi um sölusamningaviðræður eða kaupverð áður en niðurstaða mats beggja sérfræðinganna lá fyrir. Matsvirði eignarinnar var sambærilegt í báðum skýrslunum, annarsvegar 800 000 NOK og hinsvegar 850 000 NOK.

1.2 *Sala eignarinnar*

Eins og Eftirlitsstofnun EFTA benti á í upphaflegri ákvörðun sinni, taka leiðbeinandi reglurnar ekki með beinum hætti á þeim aðstæðum þegar herra gagntilboð berst að fengnu verðmati sérfræðings og áður en samningagerð er lokið. Eftirlitsstofnun EFTA telur að við slíkar aðstæður sé líklegt að framlagning herra gagntilboðs vekji efasemdir um að verðmat sérfræðinga endurspegli raunverulegt markaðsvirði eignarinnar.

Í upphaflegu ákvörðuninni, vísaði Eftirlitsstofnun EFTA til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C35/2006, sem fjallaði um aðstæður þar sem tilboð var gert eftir að verðmat sérfræðings barst. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar segir:

„Jafnvel þó sérfræðimatið hafi verið framkvæmt í samræmi við orðsendinguna ⁽³²⁾, þ.e. matið á raunverulegum reit sem selja átti var framkvæmt rétt áður en salan fór fram og á grundvelli almennt samþykktra matsstaðla, væru niðurstöður matsins einungis næst besti mælikvarðinn til að ákvarða markaðsverð landsins, þar sem raunverulegt verðtilboð er ekki fyrir hendi. Um leið og trúverðugt og bindandi tilboð er lagt fram og að því tilskildu að tilboðið sé samanburðarhæft með beinum hætti og herra en verðmatið samkvæmt matinu, skal velja það fyrra. Tilboðið fastetur raunverulegt markaðsverð og telst því betri heimild fyrir afsöluðum ríkisfjármunum en mat sérfræðings“ ⁽³³⁾.

Þessari ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar var skotið til Almenna dómstóllsins. Almenni dómstóllinn ⁽³⁴⁾ var ósammála mati framkvæmdastjórnarinnar og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri um neina ríkisaðstoð að ræða í viðskiptum með landið. Almenni dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að herra tilboðið, sem ágreiningurinn stóð um, væri hvorki trúverðugt né sambærilegt við tilboðið sem sveitarfélagið samþykkti ⁽³⁵⁾. Ennfremur benti Almenni dómstóllinn á að brýnt væri að vega og meta sérstakar aðstæður málsins þegar ákvarðað er hvort gagntilboð teljist sambærilegt ⁽³⁶⁾.

Í umræddu tilviki héldu stjórnvöld í Noregi því fram að Oppdal Booking AS væri kaupandi sem hefði sérstakra hagsmuna að gæta gagnvart landareigninni og vegna þessara sérstöku hagsmuna hefði Oppdal Booking AS verið reiðubúið að greiða óeðlilega hátt verð fyrir landareignina, til að koma í veg fyrir að Strand Drift Oppdal AS kæmi á fót fyrirtæki sem væri í samkeppni við

⁽³²⁾ Liður 2.2 í leiðbeinandi reglum vegna ríkisaðstoðar í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þá þætti ríkisaðstoðar sem tengjast sölu opinberra yfirvalda á landi og byggingum (Stjtið. C 2009, 10.07.97, bls. 3).

⁽³³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31.01.2008 í máli C 35/06, Stjtið. ESB 2008, 14.5.2008, L 126/3 59. mgr.).

⁽³⁴⁾ Mál T-244/08 *Konsum Nord gegn framkvæmdastjórn*, dómur frá 13. desember 2011, enn óbirtur.

⁽³⁵⁾ Mál T-244/08 *Konsum Nord gegn framkvæmdastjórn*, 72.–76. mgr.

⁽³⁶⁾ Mál T-244/08 *Konsum Nord gegn framkvæmdastjórn*, 73 mgr.

Það. Oppdal Booking AS er ráðandi veitandi skíðaþjónustu á skíðasvæðinu. Rekstur Strand Drift Oppdal AS yrði í beinni samkeppni við þá þjónustu sem Oppdal Booking AS veitir og myndi ógna markaðsstöðu þess. Oppdal Booking AS andmælti nýju svæðisskipulagi landareignarinnar og þegar kvörtun þess var ekki tekin til greina, vildi Oppdal Booking AS kaupa eignina. Þetta gefur til kynna fyrirætlan Oppdal Booking AS og það getur því talist hafa haft sérstakra hagsmuna að gæta gagnvart eigninni. Sérstakir hagsmunir Oppdal Booking AS endurspeglast í háu tilboði sem Oppdal Booking AS lagði fram og var þrisvar sinnum hærra (3 100 000 NOK) en verðið sem óvilhöllu sérfræðingarnir ákvörðuðu, og Eftirlitsstofnun EFTA sér ekkert sem bendir til að annarkar séu á verðmati óvilhöllu sérfræðinganna. Í þessu máli telur Eftirlitsstofnun EFTA að tilboðin sem Strand Drift Oppdal AS og Oppdal Booking AS gerðu séu ekki sambærileg vegna sérstakra hagsmuna Oppdal Booking AS af eigninni. Það sé vegna þessara sérstöku hagsmuna sem Oppdal Booking AS hafi verið reiðubúið að gera umtalsvert hærra tilboð í eignina. Það boð getur því ekki talist sambærilegt við tilboðið sem Strand Drift Oppdal AS gerði, sem endurspeglar verðgildi eignarinnar, sem ákvarðað var af óvilhöllu sérfræðingunum.

Eftirlitsstofnun EFTA telur, í ljósi þessara málavaxta, að eignin hafi verið seld á markaðsverði í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lið 2.2 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við sölu opinberra stjórnvalda á lóðum og húseignum.

Í ljósi framangreinds, telur Eftirlitsstofnun EFTA að ekki hafi verið um ríkisaðstoð að ræða við sölu sveitarfélagsins Oppdal á eigninni til Strand Drift Oppdal AS, þar sem gagntilboðið frá Oppdal Booking AS verði að teljast vera frá kaupanda sem hefur sérstakra hagsmuna að gæta gagnvart eigninni. Eftirlitsstofnun EFTA telur, í ljósi þessara málavaxta, að eignin hafi verið seld á markaðsverði í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lið 2.2 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum.

2 Niðurstaða

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli undangengins mats, að sala sveitarfélagsins Oppdal á landareign nr. 271/8 til Strand Drift Oppdal AS feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að sala sveitarfélagsins Oppdal á landareign nr. 271/8 til Strand Drift Oppdal AS feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Málsmeðferðin, sem hafin var í samræmi við ákvæði 4. mgr. 4. gr., með vísan til 13. gr. II. hluta bókunar 3, varðandi sölu sveitarfélagsins Oppdal á landareign nr. 271/8, er hér með felld niður.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 9. maí 2012.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes

Forseti

Sabine Monauni-Tömördy

Stjórnarmaður

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/71/02

339/12/COL

frá 20. september 2012

um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL ⁽¹⁾

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til ákvæða 1. og 3. liðar B-liðar 4. mgr. og stafliðar b) í 5. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 4. lið hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum*) ⁽²⁾, með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með vísan til ákvörðunar stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 326/12/COL um að veita valdbærum stjórnarmanni umboð til að samþykka þessa ákvörðun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 17. júlí 2012 tilkynnti norska matvælaeftirlitið („Mattilsynet“ í því sem hér fer á eftir) Eftirlitsstofnun EFTA um breytingar á skrá um norskar skoðunarstöðvar á landamærum vegna skoðunarmiðstöðvarinnar Ellingsøy. Skoðunarmiðstöðin Ellingsøy heyrir undir landamæraskoðunarstöðina Ålesund Port (NO AES 1) og er að finna í viðauka við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL frá 13. mars 2012 með viðurkenningu fyrir innflutning á frystum sjávarafurðum (í umbúðum) til manneldis [HC-TF(FR)(1)(2)(3)].

Hinn 14. júní 2012 afturkallaði Mattilsynet, að beiðni fyrirtækisins, viðurkenningu þess sem skoðunarmiðstöð og fór þess á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún felldi skoðunarmiðstöðina Ellingsøy úr skrá um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunar ráðsins 97/78/EB skal Eftirlitsstofnun EFTA semja og birta skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum sem síðar að kann vera breytt eða bætt við til að endurspegla breytingar á landsbundnum skráum. Gildandi skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum var samþykkt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL frá 13. mars 2012.

Eftirlitsstofnun EFTA er því skylt að breyta skránni um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi og birta nýja skrá sem sýnir að skoðunarmiðstöðin Ellingsøy, sem heyrir undir landamæraskoðunarstöðina Ålesund Port (NO AES 1), hafi verið felld úr norsku skránni um skoðunarstöðvar á landamærum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 326/12/COL. Nefndin samþykkti einróma tillögur að breytingum á skránni. Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru þar af leiðandi í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis og lokatexti ráðstafananna er óbreyttur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 31.5.2012, bls. 16, og EES-viðbætur nr. 29, 31.5.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Skoðunarmiðstöðin Ellingsøy sem heyrir undir landamæraskoðunarstöðina Ålesund Port (NO AES 1) er felld úr skránni í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL frá 13. mars 2012 fellur úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. september 2012.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.

6. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 20. september 2012.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sverrir Haukur Gunnlaugsson
stjórnarmaður

Xavier Lewis
Deildarstjóri

VIÐAUKI

Skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	IS AKU1	P		HC-T(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	IS HAF 1	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Húsavík	IS HUS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	IS ISA1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavík Airport	IS KEF 4	A		HC(2), NHC(2)	O(15)
Reykjavík Eimskip	IS REY 1a	P		HC(2), NHC(2)	
Reykjavík Samskip	IS REY 1b	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Þorlákshöfn	IS THH1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	

Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	NO BRG 1	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord	NO BJF 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Egersund	NO EGE 1	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Florø EWOS	NO FRO 1	P		NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	NO HFT 1	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	NO HVG 1	P	Honningsvåg	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	NO KKN 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Kristiansund	NO KSU 1	P	Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3) HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Larvik	NO LAR 1	P		HC(2)	
Måløy	NO MAY 1	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Oslo	NO OSL 1	P		HC, NHC	
Oslo	NO OSL 4	A		HC, NHC	U,E,O
Sortland	NO SLX 1	P	Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	NO STS 3	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	NO TOS 1	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	NO VOS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	NO AES 1	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-T(FR)(2)(3), NHC-NT(6)	

- 1 = Heiti**
- 2 = TRACES-kóði**
- 3 = Gerð**
- A = Flugvöllur
 - F = Járnbraut
 - P = Höfn
 - R = Vegur
- 4 = Skoðunarmiðstöð**
- 5 = Afurðir**
- HC = Allar afurðir til manneldis
 - NHC = Aðrar afurðir
 - NT = Engar kröfur um hitastig
 - T = Frystar/kældar afurðir
 - T(FR) = Frystar afurðir
 - T(CH) = Kældar afurðir
- 6 = Lifandi dýr**
- U = Hóf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr
 - E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
 - O = Önnur dýr
- 5-6 = Sérstakar athugasemdir**
- (1) = Eftirlit í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
 - (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
 - (3) = Eingöngu sjávarafurðir
 - (4) = Eingöngu dýraprótein
 - (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
 - (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
 - (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
 - (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
 - (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
 - (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
 - (11) = Eingöngu fôður í lausu
 - (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
 - (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamæraskoðunarstöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráða birgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra; sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
 - (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinn dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
 - (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
 - (16) = Eingöngu fiskimjöl

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6731 – Vitronet/Infinity)

2012/EES/71/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. desember 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Vitronet Holding GmbH, sem er undir sameiginlegum yfirráðum þýska fyrirtækisins RWE Deutschland AG og lúxemborska fyrirtækisins Aesop S.à.r.l, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 3. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Infinity GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vitronet Holding GmbH: áætlanagerð í tengslum við ljósleiðarakapla og –net og framleiðsla á þeim sem og afhending á bitastraumsvörum
 - RWE Deutschland AG: framleiðsla og dreifing á rafmagni og gasi
 - Aesop S.à.r.l: fjárfestingastýring með áherslu á fjarskiptaiðnaðinn
 - Infinity GmbH: upplýsingatækniþjónusta og upplýsingatækni hugbúnaður (þ.m.t. gagnastýring og gagnþjöppun) og samskiptanet.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 392, 19. desember 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6731 – Vitronet/Infinity, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6777– Yazaki Europe/S-Y Systems Technologies Europe)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2012/EES/71/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. desember 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Yazaki Europe Limited („YEL“), sem tilheyrir japanska fyrirtækinu Yazaki Corporation („YC“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 3. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu S-Y Systems Technology Europe GmbH („S-YST“). Fyrirtækið S-YST er um þessar mundir undir sameiginlegum yfirráðum YC og Continental Automotive GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja YEL og S-YST felst í þróun og sölu á rafdreifikerfum í vélknúin ökutæki (rafeindaleiðslum).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 398, 22. desember 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6777 – Yazaki Europe/S-Y Systems Technologies Europe, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/71/05****(mál COMP/M.6780 – EVN Netz/OÖ. Ferngas Netz/Gasnetz Steiermark/
Gas Connect Austria/AGGM Austrian Gas Grid Management)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

